# Laugardagur 21. janúar



## SJÓNVARPIÐ

14.00 **Íþróttaþátturinn.** Meðal annars verður sýnt frá snókerkeppninni á Hótel Íslandi frá sl. þriðjudegi og einnig fer fram borðtenniskeppni í beinni útsendingu. Kl. 15.00 verður sýndur í beinni útsendingu leikur Nottingham Forest og Aston Villa í ensku knattspyrnunni.
18.00 **Íkorninn Brúskur (6).** Teiknimyndaflokkur í 26 þáttum.
18.25 **Smellir.** Umsjón Ragnar Halldórsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 Á framabraut (7) (Fame). Bandarískur myndaflokkur.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Lottó.**
20.35 **Stöðin** – '89 á Stöðinni. Stuttir skemmtiþættir fluttir af Spaugstofunni.
20.55 **Fyrirmyndarfaðir** (Cosby Show). Bandarískur gamanmyndaflokkur um fyrirmyndarföðurinn Cliff Huxtable og fjölskyldu hans.
21.20 **Maður vikunnar.** Stefanía Björnsdóttir og Manit Saifar. Umsjón Skúli Gautason.
21.40 **Keppinautar.** Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1983. Leikstjóri Robert Day. Aðalhlutverk Richard Chamberlain og Rod Steiger. Tveir menn heyja æsilegt og miskunnarlaust kapphlaup um að verða fyrstir manna til að koma á Norðurpólinn. Þeir eru Dr. Frederick Cook læknir og mannfræðingur og bandaríski sjóliðsforinginn Robert Peary.
23.20 **Sambýlisfólk** (Echo Park). Bandarísk/austurrísk bíómynd frá 1986. Leikstjóri Robert Dornhelm. Aðalhlutverk Susan Dey, Thomas Hulce, Michael Bowen, Christopher Walker og Richard Marin.Í þessari mynd er fylgst með þremur vinum sem þurfa að stunda sína daglegu vinnu þó draumurinn um annað og betra líf sé alltaf fyrir hendi.
00.5 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

8.00 **Kum, Kum.** Teiknimynd.
8.20 **Hetjur himingeimsins.** Teiknimynd.

8.45 **Blómasögur.** Teiknimynd fyrir yngstu áhorfendurna.
9.00 **Með Afa.** Afi og hann Pási páfagaukur bregða á leik. Í dag ætlar hann Afi að sýna ykkur myndirnar Túni og Tella, Skófólkið, Skeljavík, Glóálfarnir, Sögustund með Janusi, Gæludýrin og margt fleira.
10.30 **Einfarinn.** Teiknimynd.
10.55 **Sigurvegarar.** Sameiginlegur áhugi á líkamsrækt tengir Carol og Angie ásamt ólíkum vandamálum. Aðalhlutverk: Nicole Kidman, Alyssa Cook, Terry Donovan og Emma Lyle.
11.45 **Gagn og gaman.** Fræðandi teiknimyndaflokkur þar sem tæknivæðing mannsins er útskýrð á einfaldan og skemmtilegan máta.
12.00 **Laugardagsfár.** Tónlistarþáttur. Vinsælustu dansstaðir Bretlands heimsóttir og nýjustu popplögin kynnt.
12.35 **Loforð í myrkrinu**Promises in the Dark. Hugljúf mynd um innilegt samband læknis við ungan sjúkling sem haldinn er krabbameini. Aðalhlutverk: Marsha Mason, Ned Beatty og Susan Clark.
14.30 **Ættarveldið.** Dynasty. Dagarnir hjá Carrington fjölskyldunni eru hver öðrum viðburðaríkari.
15.20 **Ástir í austurvegi.** The Far Pavillions. Þetta er ástarsaga sem gerist á Indlandi á seinni hluta nítjándu aldar og er stórkostlega falleg náttúra og sérstætt mannlíf landsins látið njóta sín í bakgrunni myndarinnar. Aðalhlutverk: Ben Cross, Amy Irving, Omar Sharif, Sir John Gielgud og Christopher Lee.
17.00 **Íþróttir á laugardegi.** Meðal annars verður litið yfir íþróttir helgarinnar, úrslit dagsins kynnt, keila o.fl. skemmtilegt.

19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.30 **Laugardagur til lukku.** Fjörugur getraunaleikur sem unninn er í samvinnu við björgunarsveitirnar. Kynnir: Magnús Axelsson.

21.05 **Steini og Olli.** Þeir félagarnir fara á kostum. Aðalhlutverk: Laurel og Hardy.

21.25 **Guð gaf mér eyra** Children of a Lesser God. Kennari verður hrifinn af einum nemanda sínum, stúlku sem í byrjun er einangruð, og fjallar myndin um ástarævintýri þeirra og þau vandamál sem upp koma í samskiptum þeirra. Aðalhlutverk: Marlee Matlin, William Hurt, Piper Laurie og Philip Bosco.

23.10 **Orustuflugmennirnir** Flying Tigers. Mynd um djarfleg afrek ungra, bandarískra orrustuflugmanna sem herjuðu í sífellu á japanskan flugher yfir Burma skömmu fyrir árás þeirra á Pearl Harbor. Aðalhlutverk: John Wayne, John Carroll, Anna Lee, Paul Kelly og Mae Clarke.

00.55 **Silkwood** Þessi mynd er byggð á sannsögulegum atburðum. Karen Silkwood lést á voveiflegan hátt í bílslysi árið 1974. Slysið þótti koma á einkar heppilegum tíma fyrir atvinnuveitendur hennar. Aðalhlutverk: Meryl Streep, Kurt Russell og Cher. Leikstjóri: Mike Nichols. Alls ekki við hæfi barna.

## SKY CHANNEL

7.00 **Gamansmiðjan.** Barnaþáttur með teiknimyndum o.fl.
11.00 **Niðurtalning.**
Vinsældalistatónlist.
12.00 **Popptónlist.**
**13.00 Poppþáttur.** Kanadískur þáttur.
13.30 **Ný tónlist.** Tónlist og tíska.
14.30 **Skíðamót**Sýnt frá mótum í Frakklandi og Ítalíu.
15.30 **Bílasport.**
16.30 **40 vinsælustu.** Breski listinn.
17.30 **Bláa þruman.**
Ævintýrasería.
18.30 **Stóridalur.** Framhaldsþættir úr villta vestrinu.
19.30 **Fjölbragðaglíma.**
20.30 **Lögreglusaga.** Sakamálaþáttur.
21.30 **Bílasport.**
22.30 **40 vinsælustu.**Pippþáttur
23.30 **Poppþáttur.** Kanadískur þáttur
24.00 **Sarah.**
1.30 **Nótt í Feneyjum.**
2.55 **Tónlist og landslag.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Ingólfur Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **„Góðan dag,** góðir hlustendur". Pétur Pétursson sér um þáttinn. Fréttir sagðar kl. 8.00, þá lesin dagskrá og veðurfregnir sagðar kl. 8.15. Að þeim loknum heldur Pétur Pétursson áfram að kynna morgunlögin.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.05 **Litli barnatíminn.** Andrés Indriðason les sögu sína „Lyklabarn" (9.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Hlustendaþjónustan.** Sigrún Björnsdóttir leitar svara við fyrirspurnum hlustenda um dagskrá Ríkisútvarpsins.
9.30 **Fréttir og þingmál.** Innlent fréttayfirlit vikunnar og þingmálaþáttur endurtekinn frá kvöldinu áður.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Sígildir morguntónar** – Nokkur vinsæl atriði úr ýmsum óperum.
11.00 **Tilkynningar.**
11.05 **Í liðinni viku.** Atburðir vikunnar á innlendum og erlendum vettvangi vegnir og metnir. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson.
12.00 **Tilkynningar.** Dagskrá.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.00 **Hér og nú.** Fréttaþáttur í vikulokin.
14.00 **Tilkynningar.**
14.05 **Sinna.** Þáttur um listir og menningarmál. Umsjón: Þorgeir Ólafsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
15.00 **Tónspegill.** Þáttur um tónlist og tónmenntir á líðandi stund. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir.
16.00 **Fréttir.** Tilkynningar. Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Íslenskt mál.** Gunnlaugur Ingólfsson flytur þáttinn. (Einnig útvarpað á mánudag kl. 15.45.)
16.30 **Laugardagsóperan:** „Macbeth" eftir Giuseppe Verdi. Jóhannes Jónasson kynnir.
18.00 **Gagn og gaman.** Umsjón: Hildur Hermóðsdóttir. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Dagskrá kvöldsins.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Spörfuglinn deyr aldrei.** Friðrik Rafnsson dregur upp mynd af Edith Piaf. Fyrri hluti. (Síðari hluta verður útvarpað næsta laugardag þann 28. janúar)
20.00 **Litli barnatíminn.** (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Vísur og þjóðlög.**
20.45 **Gestastofan.** Gunnar Finnsson ræðir við Braga Gunnlaugsson, Setbergi Fellum. (Frá Egilsstöðum)
21.30 **Sigurður Björnsson syngur íslensk lög.**
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Dansað með harmoníkuunnendum.** Saumstofudansleikur í Útvarpshúsinu. Kynnir: Hermann Ragnar Stefánsson.
23.00 **Nær dregur miðnætti.** Kvöldskemmtun Útvarpsins á laugardagskvöldi. Stjórnandi: Hanna G. Sigurðardóttir.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Svolítið af og um tónlist undir svefninn.** Jón Örn Marinósson kynnir.
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2
FM 91,1

8.10 **Á nýjum degi.** Þorbjörg Þórisdóttir gluggar í helgarblöðin og leikur bandaríska sveitatónlist.
10.05 **Nú er lag.** Gunnar Salvarsson leikur tónlist og kynnir dagskrá Útvarpsins og Sjónvarpsins.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Dagbók Þorsteins Joð.** - Þorsteinn J. Vilhjálmsson.
15.00 **Laugardagspósturinn.** Magnús Einarsson sér um þáttinn.
17.00 **Fyrirmyndarfólk.** Lísa Pálsdóttir rifjar upp kynni af gestum sínum frá síðasta ári og bregður plötum á fóninn.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Kvöldtónar.** Tónlist af ýmsu tagi.
22.07 **Út á lífið.** Óskar Páll Sveinsson ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Syrpa** Magnúsar Einarssonar endurtekin frá fimmtudegi.
03.00 **Vökulögin.** Lög af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 8.00, 9.00, 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

## FM 98,9 BYLGJAN

10.00 **Valdís Gunnarsdóttir:** Góð helgartónlist sem engan svíkur.
14.00 **Kristófer Helgason:** Léttur laugardagur á Bylgjunni. Góð tónlist með helgarverkunum.
18.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Hinn eldhressi plötusnúður heldur uppi helgarstemmningunni.
22.00 **Næturvakt Bylgjunnar.**
02.00 **Næturdagskrá.**

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

10.00 **Ryksugan á fullu.** Jón Axel Ólafsson léttur á laugardegi. Stjörnufréttir klukkan 10 og 12.
14.00 **Dýragarðurinn.** Gunnlaugur Helgason sér um sveifluna. Stjörnufréttir klukkan 16.
18.00 **Ljúfur laugardagur.** Tónlist fyrir alla.
22.00 **Næturvaktin.** Stjörnustuð fram eftir nóttu. Kveðjur og óskalög í síma 681900.
3.00 **Næturstjörnur.**

## Hljóðbylgjan
Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

9.00 **Kjartan Pálmarsson** er fyrstur á fætur á laugardögum og spilar tónlist fyrir alla, alls staðar.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Axel Axelsson** með tónlist við þitt hæfi.
15.00 **Fettur og brettur.** Íþróttatengdur þáttur í umsjá Einars Brynjólfssonar og Snorra Sturlusonar. Farið verður yfir helstu íþróttaviðburði vikunnar svo og helgarinnar og enska knattspyrnan skipar sinn sess í þættinum.
18.00 **Topp tíu.** Bragi Guðmundsson leikur tíu vinsælustu lögin á Hljóðbylgjunni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Þráinn Brjánsson** og laugardagskvöld sem ekki klikkar.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Stuð, stuð, stuð.
4.00 **Ókynnt tónlist til morguns.**

## Rót ÚTVARP
FM 106,8

11.00 **Dagskrá** Esperantosambandsins. E.
12.00 **Poppmessa í G-dúr.**Umsjón: Jens Kr. Guð.
14.00 **Af vettvangi baráttunnar. Einsárs afmæli Útvarps Rótar.**
16.00 **Um Rómönsku Ameríku.** Mið-Ameríkunefndin.
17.00 **Léttur laugardagur.** Grétar Miller leikur létta tónlist og fjallar um íþróttir.
18.30 **Ferill og „Fan".** Baldur Bragason fær til sín gesti sem gera uppáhaldshljómsveit sinni góð skil.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur í umsjá Láru o.fl.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Síbyljan.**
23.30 **Rótardraugar.**
24.00 **Næturvakt** til morguns með Arnari Þór Óskarssyni og Benedikt Rafnssyni.

## ÚTRÁS

12.00 **FB.**
14.00 **MS.**
16.00 **FÁ.**
18.00 **IR.**
20.00 **MH.**
22.00 **FG.**
24.00 **Næturvakt.**
4.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA
FM·102,9

14.00 Heimsljós. Viðtals- og fréttaþáttur með góðri, íslenskri og skandinavískri tónslit í bland við fréttir af kristilegu starfi í heiminum. Gunnar Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri KFUM og KFUK í Reykjavík, kemur í heimsókn og segir frá félögunum í tilefni þess að félagið á 90 ára afmæli á þessu ári. Barnatími verður um kl. 15.15. Þá verður flutt framhaldsleikritið Tónlistarvélin og spiluð barnatónlist. Umsjón: Ágúst Magnússon. (Ath. endurtekið næstkomandi þriðjudagskvöld.)
16.00 Blandaður tónlistarþáttur með lestri orðsins.
18.00 **Vinsældaval Alfa.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
20.00 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
22.00 **„Eftirfylgd".** Tónlistarþáttur í umsjón Fúsa og Stebba.
24.00 **Dagskrárlok.**

## Ólund
Akureyri

17.00 **Barnalund.** Ásta Júlía og Helga Hlín sjá um þátt fyrir yngstu hlustendurna. Leikrit, söngur, glens og gaman.
18.00 **Viðtalsþáttur** Viðtöl við fólk um sjálft sig og hvað það aðhefst.
19.00 **Skólaþáttur.**
20.00 **Gatið.**
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Litið í blöðin og viðtöl að venju.
21.30 **Sögur.** Hildigunnur Þráinsdóttir hefur umsjón. Smásögur
22.00 **Formalínkrukkan.** Árni Valur spilar kvikmynda- og trúartónlist.
23.00 **Krían í læknum.** Rögnvaldur kría fær gesti í lækinn.
24.00 **Óvinsældarlistinn.** Geiri og Gunni spila óvinsælustu lög vikunnar í öfugri röð í nýjum og breyttum útgáfum.
01.00 **Næturlög.** Næturvakt Ólundar.

### Útvarp Rót kl. 14.00:

# Grasrótin

## – hvernig hefur tekist til?

Nú er skammt að bíða þess að Útvarp Rót fagni árs afmæli sínu. Rótinni var í upphafi ætlað að vera opið útvarp þar sem samtök og einstaklingar hefðu frjálsan aðgang til að koma skoðunum sínum á framfæri í eigin dagskrá. Það átti að vera vettvangur frjálsra skoðanaskipta, vaxtarbroddur nýrrar og frjórrar þjóðfélagsumræðu. Í þættinum verður rætt við fulltrúa ýmissa þeirra hópa sem hafa nýtt sér Rótina, baráttuhópa, minnihlutahópa, unglingahópa, trúarhópa, pólitískra samtaka og fólks sem virkt er í verkalýðshreyfingunni. Rætt verður um hvernig til hafi tekist í þættinum í dag.

-J.Mar



**Úr starfi KFUM og K**

### Útvarp Alfa kl. 14.00:

# Afmæli KFUM og K

Viðtals- og fréttaþátturinn Heimsljós verður á sínum stað í dag. Í þættinum er ætlunin að fræðast örlítið um starf KFUM og K hér á landi en félögin eiga 90 ára afmæli á þessu ári.

Gunnar Jóhannes Gunnarsson, framkvæmdastjóri samtakanna, kemur í heimsókn og rekur sögu félaganna, segir frá því hvernig þau starfa í dag og hvernig fyrirhugað sé að halda upp á afmælisárið. Í þættinum verður spiluð kristileg tónlist og barnaefni verður kl. 15.15 í umsjón Ágústs Magnússonar.

-J.Mar

### Rás 1 kl. 16.30:

# Óperan Macbeth

Macbeth var fyrsta óperan sem Giuseppe Verdi samdi upp úr leikriti eftir Shakespeare. Með henni ætlaði hann sér meira hlutskipti en almennt gerðist um óperuskáld á þeim tíma. Hann samdi textann sjálfur en lét aðra um að snara honum á bundið mál og tónlistin þjónaði framvindu verksins á nýstárlegan hátt.

Macbeth var ekki ætlað að vera nein venjuleg ópera heldur leikverk í anda Shakespeare. Verkið byggist að vísu á hefðbundnum óperuformum en þegar hentar eru þau látin fara lönd og leið. Óperan er full af dramatískum atriðum en unnendur ítalsks glæsisöngs fá líka nóg fyrir sinn snúð.

Í helstu hlutverkum eru Leonard Warren sem Macbeth, Leonie Rysanek sem lafði Macbeth, Jerome Hines í hlutverki Banqous og Carlo Bergonzi sem syngur Macduff. Erich Leinsdorf stjórnar kór og hljómsveit Metropolitanóperunnar í New York.

-J.Mar

### Stöð 2 kl. 21.25:

# Guð gaf mér eyra

Leikritið fjallar um Leeds sem ræðst til starfa hjá Kittridge-heyrnleysingjaskólanum en það fyrsta sem skólastjórinn segir við hann er: Hér reynir enginn að breyta heiminum. Leeds er á öðru máli og sumar aðferðir hans við kennsluna reita skólastjórann til reiði en gleðja hins vegar nemendurna. Leeds laðast fljótt að Söru sem er daufdumb, einangruð og inn í sig og finnst að henni hafi verið hafnað af samfélaginu. Hann reynir að brjóta sér leið að henni og gera henni fært að takast á við lífið og tilveruna á raunsæjan hátt. Til einhverra árekstra kemur en ekki líður á löngu þar til ástir takast með þeim.



**Heyrnleysingjakennarinn verður ástfangin af einum nemenda sinna.**

Marlee Matlin fer með hlutverk heyrnarlausu stúlkunnar og fékk hún óskarsverðlaun fyrir hlutverk sitt í verkinu.

Myndin er gerð eftir samnefndu leikriti sem sýnt var hjá Leikfélagi Reykjavíkur fyrir nokkrum árum við góðar undirtektir.

-J.Mar